

# EFTIRLITSSKÝRSLA

<b>Dagsetning</b>	4. maí 2011	<b>Fulltrúi(ar) UST</b>	Ólafur Kristinn Tryggvason og Gottskálf Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	Norðurál	<b>Starfsleyfi, gildir til</b>	1. júní 2020
<b>Heimilisfang</b>	Grundartanga, 301 Akranes	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	570297-2609	<b>Fulltrúar fyrirtækis</b>	Gunnar B. Ólason og Einar Friðgeir Björnsson
<b>Isat nr.</b>	24.42.0	<b>Staðsetning starfstöðvar (hnit)</b>	64° 21,746'N, 21° 46,673'W
<b>Starfsemi</b>	Framleiðsla á áli		

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu og engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

## UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á því að funda með eftirlitsþegum. Á fundinum var farið yfir gögn sem fyrirtækið hefur skilað til Umhverfisstofnunar í samræmi við starfsleyfi. Einnig var farið yfir niðurstöður síðustu eftirlitsskýrslu og ákvæði í starfsleyfi. Búið var að fara yfir ýmis gögn er varða vöktunarmál á kynningarfundi iðjuveranna á Grundartanga sem haldinn var á hótél Glym í Hvalfirði 7. apríl sl.

Að fundi loknum var farið í eftirlit um fyrirtækið. Miklar nýjungar og endurbætur hafa verið gerðar undanfarið á rykhreinsun frá skautaverksmiðju fyrirtækisins og var því farið í eftirlit í skautaverksmiðjuna ásamt skoðun á útsvæðum fyrirtækisins.

## FRÁVIK

Engin frávik frá starfsleyfi, lögum né reglugerðum komu í ljós í eftirlitinu.

## Athugasemdir:

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.



## Önnur atriði:

Mælingar frá afsogi yfir spanofnunum í skautasmiðju hefur vantað þar sem ekki hefur verið ljóst hvernig beri að túlka niðurstöður vegna þess að reyksleppið er mjög óstöðugt eða mismunandi þar sem það koma toppar í reyksleppinu frá ofnunum þegar verið er að setja málm í ofnana og tappa af þeim. Ákveðið var að miða við meðaltal mæligilda.

Í grein 2.1 í starfsleyfi er farið fram á að ryk í útblæstri sé minna en  $50 \text{ mg/Nm}^3$ . Mælingar Nýsköðunarstofnunar Íslands sýna að öll gildi eru undir þessum mörkum.

Einnig kom fram að ný afsogsvirki yfir spanofnum eru í pöntun og gert er ráð fyrir afgreiðslu pöntunarinnar í ár.

Reykjavík, 16/8/2011

---

Ólafur Kristinn Tryggvason